

**Kennari:**  
Lísa Mjöll Ægisdóttir  
Aðalheiður Ósk Tobíasdóttir  
Hrönn Guðmundsdóttir

**Kennslufyrirkomulag:**  
Kennsla inn í bekk

**Tímafjöldi:**  
7 kennslustundir

**Bekkur:**  
3. bekkur

## Íslenska

Traust kunnátta í móðurmáli er meginundirstaða staðgóðrar menntunar. Lestur er undirstaða alls náms og öflugt tæki nemenda til að afla sér þekkingar. Jafnframt er tjáning í ræðu og riti ein af nauðsynlegum forsendum þátttöku í samfélaginu. Skólinn verður í upphafi skólagöngu virkur þátttakandi í máluppeldi barna ásamt heimili þeirra.

Mikilvægt er að grunnskólanám í íslensku sé heildstætt. Það er hlutverk íslenskukennara að stuðla að því að nemendur öðlist þekkingu á tungumálinu og leikni í að nota það við sem fjölbreytilegastar aðstæður. Leitast er við að vekja áhuga nemenda á tungumálinu, að þeir þekki helstu hugtök þess og hlutverk í málinu og fái æfingu í að beita þeim. Lögð er áhersla á lestur og læsi, þar sem nemendur þjálfast í að leita sér upplýsinga úr margvíslegum miðlum, ásamt því að efla áhuga á bókmenntum og lestri. Lögð er áhersla á góðar skriftarvenjur, skipulag og úrvinnslu. Nemendur þurfa að fá tækifæri til þess að láta reyna á mál sitt við að leysa viðfangsefni og tjá hugsun sína og skoðanir við sem flest tækifæri en gott vald á munnlegri tjáningu nýtist í öllum námsgreinum. Vekja þarf athygli þeirra á einkennum málsins, töfrum þess og mætti. Skólastofan á að vera vettvangur umræðu, samskipta af ýmsu tagi, lestrar og ritunar þar sem mikilvæg og áhugaverð verkefni eru krufin.

Hæfniviðmiðum íslensku er skipt í fjóra flokka, talað mál, hlustun og áhorf, lestur og bókmenntir, ritun og málfræði. Þessir flokkar eru samofin heild þar sem hver flokkur getur haft gagn af öðrum og mikilvægt að hafa það í huga í kennslu.

## Íslenska

Námsþættir:	Námsefni:	Hæfniviðmið: <i>Að nemandi:</i>	Leiðir:
Talað mál, hlustun og áhorf	Ritrún 1 - 3 Skrift 2 - 4 Ítarefni Málfræðihefti Litla Lesrún Byrjendalæsi Lestrarlandið	<ul style="list-style-type: none"> <li>– geti beitt skýrum og áheyrilegum framburði.</li> <li>– geti hlustað á upplestur af ýmsum toga</li> <li>– geti lesið, leikið eða sungið texta af ýmsum gerðum</li> <li>– taki þátt og fái tækifæri til að horfa á leikþætti og/eða söngatriði</li> <li>– geti sagt frá eftirminnilegum atburðum og eigin reynslu</li> <li>– geti átt góð samskipti og sýnt kurteisi</li> <li>– geti hlustað með virðingu á aðra</li> <li>– geti tekið þátt í umræðum</li> <li>– þjálfist í að koma fram og tjá sig fyrir framan bekkinn</li> <li>– þjálfist í að hlusta á og fara eftir munnlegum fyrirmælum</li> <li>– geti endursagt efni sem hann hefur hlustað eða horft á</li> </ul>	<p>Innlagnir Smáfyrirlestur Lesið, spurt og spjallað Einstaklingsvinna Paravinna Hópavinna Námsleikir</p>
Lestur og bókmenntir		<ul style="list-style-type: none"> <li>– þekki algengar orðmyndir</li> <li>– geti lesið texta með skilningi og unnið með hann</li> <li>– geti lesið í hljóði í stuttan tíma í senn, t.d. yndislestur</li> <li>– læri einfaldar vísur, ljóð og þulur.</li> <li>– fari reglulega á bókasafn og fái bækur lánaðar eftir sínu áhugasviði</li> <li>– þekki hvernig bækur eru byggðar upp, t.d. forsíða, baksíða, efnisyfirlit og kafli</li> <li>– geti lesið einföld fyrirmæli og farið eftir þeim</li> <li>– geti beitt hugtökunum söguþráður, sögupersónur og boðskapur</li> <li>– geti endursagt sögu í aðalatriðum.</li> </ul>	<p>Spil Upplýsingaöflun Vettvangsferðir Stöðvavinna</p>

		<ul style="list-style-type: none"> <li>– spái fyrir um framhald sögu (forspá)</li> <li>– þekki greinarmerkin punkt, kommu og spurningamerki</li> </ul>	
Ritun		<ul style="list-style-type: none"> <li>– dragi rétt til stafs</li> <li>– vandi skrift og frágang.</li> <li>– hefur hæfilegt bil á milli orða.</li> <li>– haldi rétt á skriffæri.</li> <li>– geti samið og skrifað texta frá eigin brjósti s.s. sögur, ljóð, skilaboð, sendibréf o.fl.</li> <li>– þekki og noti hugarkort.</li> <li>– noti hugtökin upphaf, miðja og endir.</li> <li>– geti búið til sögu/myndasögu með einfaldri atburðarás.</li> </ul>	
Málfræði		<ul style="list-style-type: none"> <li>– geti leikið sér með orð og merkingu s.s. með því að ríma og fara í orðaleiki</li> <li>– geti unnið með hugtökin hljóð, bókstafur og setning</li> <li>– þekki sérhljóða og samhljóða og geti unnið með þá</li> <li>– þekki hugtökin og vinni með samheiti og andheiti</li> <li>– þekki orðflokkanafnorð, sagnorð og lýsingarorð</li> <li>– geti unnið með kyn nafnorða</li> <li>– þekki hugtökin eintala og fleirtala og geti unnið með tölu fallorða</li> <li>– vinni með algeng orðtök og málshætti</li> <li>– þekki og geti unnið með samsett orð</li> </ul>	
<b>Námsmat:</b>	Námsframvinda og hæfni nemenda metin jafnóðum.		

## Námsmat

Námsmat Stapaskóla fer fram með leiðsagnar- og símati. Lögð er áhersla á að nemendur séu sífellt að bæta við sig þekkingu og leikni og öðlist þannig ákveðna færni. Tekið er mið af Aðalnámsskrá grunnskóla í öllum greinum. Fyrir lokið verkefni er ekki gefin einkunn heldur er lagt mat á hæfni nemandans og gefið fyrir stöðuna í þeim hæfniviðmiðum sem liggja til grundvallar verkefninu.

Til þess að meta hvert hæfniviðmið fyrir sig er notast við hæfnitákn sem má sjá hér til hliðar.

- **Framúrskarandi:** ef nemandi hefur náð hæfniviðmiði og sýnt getu *umfram* þá hæfni sem viðmiðið setur
- **Hæfni náð:** ef nemandi hefur náð hæfniviðmiði
- **Á góðri leið:** ef nemandi er nálægt því að ná hæfniviðmiði en enn vantar þó aðeins upp á
- **Þarfnast þjálfunar:** ef nemandi þarfnast frekari þjálfunar til að ná hæfniviðmiði
- **Lokið:** nemandi hefur lokið við verkefni
- **Ólokið:** nemandi hefur ekki lokið við né skilað verkefni
- **Undanþága:** nemandi hefur undanþágu frá verkefni af einhverjum ástæðum

	Framúrskarandi
	Hæfni náð
	Á góðri leið
	Þarfnast þjálfunar
	Lokið
	Ólokið
	Undanþága